

Nd.

117. Frumvarp

til laga um bifreiðaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Af bifreiðum, sem notaðar eru til mannflutninga, skal greiða árlegan skatt í ríkissjóð eins og hjer segir:

Af bifreið fyrir 1 mann	250 kr.
— — — 2 menn	300 —
— — — 3 —	350 —

og svo áfram þannig, að skatturinn vex um 50 kr. fyrir hvern mann, sem bifreiðin rúmar, að meðtöldum bifreiðarstjóra, þó svo, að skatturinn fari eigi fram úr 600 kr. á bifreið.

Bifreiðar, sem eingöngu eru notaðar til vöruflutninga, greiða 200 kr. skatt á ári.

Undanþegnir gjaldi þessu eru vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði.

2. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, í fyrsta skifti árið 1920, og innheimtist af lögreglustjóra þar sem bifreið er skrásett. Gjaldskylda telst frá afbendingu bifreiðarmerkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1919, og reiknast skatturinn blutfallslega fyrir part úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefir verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefir ónýst. Skattinn skal sá greiða, sem er eigandi á gjalddaga eða síðast var eigandi, ef bifreið er ónýt. Skatturinn hefir lögtaksrjett, enda er bifreiðin að veði fyrir honum.

3. gr.

Lögreglustjórar greiða skattinn í rikissjóð, eftir sömu reglum og aðrar tekjur hans, og um reikningsskil fer eftir því, sem fjármálaráðherra skipar fyrir.

Greinargerð.

Það er alkunnugt, að bifreiðar spilla mjög vegum, og jafnkunnugt er það, að þeim fjölgar nú mjög hjer á landi, einkum í Reykjavík. Það virðist því sanngjarn að skatta þær, til þess að rikissjóður fái að nokkru bættan skaða sinn af vegasliti því, er þær valda. Hinar eiginlegu mannflutningabifreiðar má og telja arðvænlegar; ættu þær því vel að þola þennan skatt. Hið sama er um vöruflutningabifreiðar. Hinar minni bifreiðar (bifhjól) og bifreiðar, sem eingöngu eru ætlaðar til eigin nota, en eigi leigu, virðist eigi heldur ástæða til að undanþiggja skatti. Vera má, að nauðsynlegt sje að hækka bifreiðataxtana vegna skattsins, og er það á valdi landstjórnarinnar. Tilgangur frv. er alls eigi sá að gera tilraun til að eyðileggja þennan atvinnuveg, heldur að láta bifreiðarnar greiða tillag til vega landsins. Hins vegar verður því eigi neitað, að mörgum þykir sem bifreiðunum hafi fjölgað of ört og fjöldi þeirra sje eigi í rjettu hlutfalli við notkunarpörfina.

Hjer í Reykjavík munu nú vera skrásettar um 140 bifreiðar, og nokkrar eru í Hafnarfirði, í Árnæssýslu, Borgarfirði og víðar. Sennilegt er, að bifreiðar hjer á landi verði bráðlega um 200, og sje gert ráð fyrir 400 kr. meðalskatti á ári, yrði tekjuaukinn af þessu frv. um 80000 kr. á ári.

Þess skal getið, að einn nefndarmanna, Sigurður Sigurðsson, er ósamþykkur frv. um skatt af vöruflutningabifreiðum. Vill hann ekki skatta þær neitt.